

Ágæti félagsmaður

Meðfylgjandi kjarasamningur Grafíu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum við Samtök íslenskra auglýsingastofa/Félags atvinnurekenda var undirritaður 8. júlí s.l. Samningurinn gildir frá 1. maí til 31. desember 2018.

Niðurstaða samningsins er ágæt og þótt vilji væri til að sækja meiri kjarabætur var niðurstaðan sú að ekki væri lengra náð án þess að til átaka kæmi.

Hér fara á eftir helstu atriði kjarasamningsins og biðjum við þig að kynna þér það vandlega um hvað var samið, áður en þú tekur afstöðu.

Almennar launahækkunir á næstu þremur og hálfu ári eru um 16% (Breytilegt vegna launaþróunartryggingar sem er frá 3,2% til 7,2% eftir því hvaða laun viðkomandi hefur) jafnframt því að kauptaxtar hækka á bilinu u.þ.b. 16,5% í upphafi og um 32,3% á samningstímanum eða frá 88.000 – 106.000 kr.

1. Launabreytingar

a. Almenn hækkun

- 1. maí 2015 3,2 – 7,2% launaþróunartrygging (sjá töflu í kjarasamningi)
- 1. maí 2016 5,5% launaþróunartrygging
- 1. maí 2017 3,0%
- 1. maí 2018 2,0%

b. Krónutöluhækkun á taxta

- 1. maí 2015 16,5% hækkun kauptaxta (45.000 – 54.000 kr).
- 1. maí 2016 5,5% hækkun kauptaxta (17.400 – 21.000 kr).
- 1. maí 2017 4,5% hækkun kauptaxta (15.000 – 18.000 kr).
- 1. maí 2018 3,0% hækkun kauptaxta (10.500 – 12.600 kr).

Ný grein um verkstjóra verði gr. 7.1.2 og orðist svo:

Félagsmönnum í Grafíu og er falin verkstjórn, skal greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð. Álag skal vera umsamið milli aðila, allt eftir eðli og umfangi starfsins ásamt ábyrgð sem því fylgir og ekki vera lægra en fyrir flokksstjórn skv. gr. 7.1.1

Aðild að Grafíu kemur á engan hátt í veg fyrir að félagsmönnum sé falin verkstjórn enda taki þeir á sig allar skyldur sem því fylgir.

Verkstjórar skulu ekki vera tilnefndir sem trúnaðarmenn og ekki vera í samninganefndum Grafíu.

Komi til verkfalla af hálfu Grafíu er verkstjóri undanþeginn skyldu til þátttöku í þeim aðgerðum.

2. Forsenduákvæði:

Í 6. grein samningsins er fjallað um forsendur samningsins og vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 29. maí s.l. Iðnaðarmenn eiga fulltrúa í sameiginlegri nefnd samningsaðila innan ASÍ og SA sem fjalla um hvort samningsforsendur hafi gengið eftir á samningstímanum. Ef forsendur bresta getur hvor aðili um sig rift samningnum í samræmi við ákvæðið.

Auk þessa eru mörg sameiginleg málefni sem náðust í gegn í viðræðunum og bókanir þar sem yfirlýsing samningsaðila liggur fyrir um frekari vinnu á sviði kjarasamninganna. Þau atriði og bókanir má lesa í samningnum sem er meðfylgjandi.

Við vonumst til að þegar þú hefur kynnt þér efni samningsins, þá sértu sammála okkur um kosti hans. Mest er um vert að þú takir þátt í atkvæðagreiðslunni og sýnir afstöðu þína til samningsins.

Við viljum hvetja þig til að taka þátt og samþykkja samninginn.

**F.h. stjórnar og trúnaðarráðs
Georg Páll Skúlason, formaður
Grafiu/FBM
Stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum**